



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

556. stjórnarfundur 7. janúar 2021 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Kári Gunnlaugsson. Sveinbjörg Sigurðardóttir fjarverandi.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa með fyrirspurn frá bæjarráði Reykjanesbæjar um fjárhagsstöðu deilda.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa. Bæjarstjóri Reykjanesbæjar óskar eftir fjárhagsstöðu deilda innan Keflavíkur.

Jóla kort og ávísun frá UMFÍ með upphæð til að efla samstarf milli félaga.

Jóla kvæðja, fréttir og Skinfaxi frá UMFÍ.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar með bókun á samstarfssamningi Reykjanesbæjar og Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

### 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð vegna upplýsinga um covid reglur.

Tölvupóstur sendur á deildir og ráð þar sem þau eru hvött til að sækja um í ferðasjóð ÍSÍ.

Tölvupóstur sendur á deildir og ráð með tillögum að aðalfundatíma deilda.

### 4. Íþróttakarli og íþróttakona deilda

Íþróttakarli og konu deilda Keflavíkur voru gerð skil á facebooksíðu félagsins þar sem allir sem fengu viðurkenningu voru kynntir. Einnig var útbúið myndband með verðlaunahöfum. Myndbandið er á facebooksíðu Keflavíkur.

### 5. Aðalfundir deilda

Búið er að senda á deildir tillögur að aðalfundatímum. Það er komin ósk frá knattspyrnudeild um að vera með sinn fund 1. febrúar sem var samþykkt.

### 6. Önnur mál

A. Bikarasafn Gísla Torfa rétt.

B. Staða deilda félagsins og aðkoma Reykjanesbæjar.

C. Umræða um flöskugám fyrir félagið.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 21. janúar 2021

Fundi slitið kl. 19:15

Fundinn ritaði Eva Björk